



Leiðbeinandi tilmæli
**um efni reglna skv. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um
fjármálafyrirtæki**

nr. 4/2006

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með
fjármálastarfsemi.

20. nóvember 2006

I. Inngangur.

Í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnna fjármálafyrirtækja. Kemur þar fram að stjórn skuli setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Einkum skal fjallað um framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélagana, og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna. Einnig er kveðið á um að reglur þessar skuli sendar Fjármálaeftirlitinu.

Í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002 er í skýringum með 2. mgr. 54. gr. mælt fyrir um þau atriði sem nauðsyn er að fram komi í starfsreglum stjórnna fjármálafyrirtækja vegna séreðlis þeirra. Skylda til setningar starfsreglna leiðir af ákvæðum 4. mgr. 70. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Leiðbeinandi tilmæli þessi ná til þeirra atriða sem sérstaklega taka til fjármálafyrirtækja. Ekki er um tæmandi lýsingu á efni reglnanna að ræða heldur er fjallað um tiltekin atriði sem hafa verið til sérstakrar umræðu í samskiptum eftirlitsins við fjármálafyrirtæki. Vera kann að síðar reynist ástæða til þess að fjalla um fleiri atriði reglnanna í leiðbeinandi tilmælum.

Haft er að leiðarljósi að innri starfsreglum er ætlað að tryggja jafnræði við meðferð mála og vandaða og óháða málsmeðferð. Tilgangur þeirra er að tryggja skýrleika í málsmeðferð ásamt því að styrkja umgjörð um viðskipti stjórnarmanna og félagana þeim tengdum við fjármálafyrirtækið og aðgang stjórnarmanna að upplýsingum um viðskiptamenn. Reglur af þessu tagi eru jafnframt til þess fallnar að efla traust íslensks fjármálamarkaðar.

Tilmælunum fylgja skáletraðar nánari skýringar þegar við á.

Leiðbeinandi tilmæli þessi eru sett í framhaldi af endurskoðun á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2003.

II. Tilmæli er varða sérstakt hæfi stjórnarmanna

Í starfsreglum stjórnna fjármálafyrirtækja skal kveða skýrt á um það að í þeim tilvikum þegar stjórnarmenn taka ekki þátt í meðferð máls vegna hagsmunatengsla, sbr. 55. gr. laga nr. 161/2002, þá skuli þeir víkja af fundi og ekki að fá aðgang að gögnum er varða afgreiðslu viðkomandi máls. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður hafi vikið sæti og ekki fengið aðgang að gögnum þessu til staðfestingar.

Reglur stjórnar fjármálafyrirtækja skulu kveða á um skyldu stjórnarmanna til að upplýsa stjórnina um þá aðila sem tengjast þeim hagsmunatengslum. Jafnframt skulu starfsreglur kveða á um að framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður geti krafist þess að stjórnarmaður víki sæti áður en efni máls er kynnt og gögn afhent telji þeir stjórnarmann vanhæfan til meðferðar máls. Stjórn tekur ákvörðun um hæfi stjórnarmanna skv. ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Í samræmi við 55. gr. laga nr. 161/2002 skal tilgreina í reglum fjármálafyrirtækja að stjórnarmenn skuli ekki taka þátt í meðferð mála er varðar viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá eða eru fyrirvarsmenn fyrir eða eiga verulegra hagsmuna að gæta í. Það sama gildir um þátttöku í meðferð mála sem tengjast aðilum sem teljast venslaðir þeim með öðrum hætti. Er hér hvoru tveggja átt við persónuleg og fjárhagsleg tengsl. Framangreint á einnig við um þátttöku í meðferð mála er varða samkeppnisaðila stjórnarmanna eða aðila þeim tengdum.

Í samræmi við framkvæmd þessa telur Fjármálaeftirlitið að stjórnarmenn skuli sjá til þess að hjá félaginu liggi skriflegar upplýsingar um þá aðila sem þeim tengjast í samræmi við framangreint, og að þær séu aðgengilegar á stjórnarfundum. Tilgangurinn er m.a. sá að við boðun stjórnarfunda sé litið til þessa lista þannig að tryggt sé að vanhæfum stjórnarmönnum berist ekki gögn, t.d. vegna afgreiðslu máls, sem þeir ættu annars ekki að eiga aðgang að.

Með persónulegum tengslum er auk fjölskyldutengsla átt við önnur tengsl sem geta valdið vanhæfi.

III. Tilmæli er varða meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn

a) Aðgangur stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum að upplýsingum um viðskiptamenn
Tryggja ber að upplýsingagjöf til stjórnarmanna um viðskiptavini fari aðeins fram í gegnum stjórnina og stjórnarmönnum verði óheimilt að hafa beint samband við starfsmenn til upplýsingaöflunar.

Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini skal bera upp í stjórn og svör við einstökum fyrirspurnum skulu kynnt stjórnarmönnum öllum og bókuð í fundargerð.

Fjármálaeftirlitið telur að kveða skuli á um í reglum starfsmanna að þeir veiti ekki stjórnarmönnum upplýsingar um viðskiptamenn fjármálafyrirtækisins. Rétt er að taka fram að ákvæði þetta á ekki við gagnvart starfandi stjórnarformönnum eða starfsmönnum sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja er varðar framkvæmd þeirra starfa í þágu fjármálafyrirtækisins. Í þeim tilvikum þarf hins vegar að huga sérstaklega að stöðu þessara aðila til að sinna eftirlitshlutverki sínu sem stjórnarmenn. Jafnframt er æskilegt að kveðið sé á um það í reglunum að berist starfsmönnum slík beiðni skulu þeir gera framkvæmdarstjóra fjármálafyrirtækisins viðvart.

b) Upplýsingagjöf til stjórnna fjármálafyrirtækja og Fjármálaeftirlitsins um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila

Fjármálafyrirtæki skulu skilgreina í starfsreglum sínum þá viðskiptamenn sem flokkast undir það að vera venslaðir aðilar. Þeir aðilar sem teljast til venslaðra aðila eru þeir aðilar sem eru í tengslum við fjármálafyrirtæki með þeim hætti að með fyrirgreiðslu fjármálafyrirtækisins til þeirra eða fyrirtækja þeim tengdum kunna að vakna spurningar um hagsmunaárekstra. Við mat á því hverjir teljist til venslaðra aðila er mikilvægt að líta til þess hvort viðkomandi aðilar geti notið aðstöðu sinnar á einhvern hátt umfram aðra viðskiptamenn fjármálafyrirtækisins, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu.

Fjármálaeftirlitið telur venslaða aðila m.a. vera:

- 1) Aðal- og varamenn í stjórn, stjórnendur, lykilstarfsmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þessara aðila.
- 2) Með vísan til 1. töluliðar ber að líta til hliðstæðra aðila í dótturfélögum og tengdum félögum.
- 3) Hluthafar sem eiga með beinum eða óbeinum hætti 5% eignarhlut eða stærri í fjármálafyrirtækinu, eða teljast til eins af tíu stærstu hluthöfum þess.
- 4) Fyrirtæki sem framangreindir aðilar eiga a.m.k. 10% hlut í, starfa hjá eða gegna stjórnarstöðum fyrir.

Með fyrirgreiðslu er átt við lánveitingar og veittar ábyrgðir til venslaðra aðila, svo og aðrar skuldbindingar venslaðra aðila gagnvart viðkomandi fjármálafyrirtæki, svo sem sölutryggingar og framvirka samninga. Ekki er eingöngu átt við veittar fyrirgreiðslur á tímabilinu, heldur einnig meðferð á skuldbindingum sem þegar hefur verið stofnað til, svo sem vegna vanskila, breytinga á skilmálum og tryggingum, skuldbreytingum o.fl. þess háttar.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að fjármálafyrirtæki leggi fyrir innri endurskoðanda að fara með reglubundnum hætti yfir fyrirgreiðslu til venslaðra aðila m.a. m.t.t. kjara, endursamninga og stöðu.

Fjármálaeftirlitið gerir jafnframt kröfu um að fjármálafyrirtæki leggi fyrir ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit m.a. m.t.t. til kjara, endursamninga og stöðu viðkomandi (armslengdarsjónarmið). Í skýrslu ytri endurskoðanda skal m.a. koma fram um hvaða samanburðaraðila er að ræða í hverju tilviki. Fjármálaeftirlitið fer fram á að skýrslur ytri endurskoðanda vegna slíkra úttekta verði sendar Fjármálaeftirlitinu árlega fyrir fjármálafyrirtæki þar sem niðurstaða efnahagsreiknings samstæðu er yfir 50 milljarðar króna en annað hvert ár fyrir önnur fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að fleiri aðilar geta fallið undir skyldu um árlega athugun ytri endurskoðanda ef þess er talin þörf.

Er þess farið á leit að skýrsla ytri endurskoðanda verði sendi Fjármálaeftirlitinu að endurskoðun lokinni, eigi síðar en 1. apríl ár hvert (annað hvert ár þegar það á við), í fyrsta sinn fyrir fjármálafyrirtæki þar sem niðurstaða efnahagsreiknings samstæðu er yfir 50 milljarðar króna, þann 1. apríl 2007 fyrir reikningsárið 2006 en þann 1. apríl 2008 fyrir reikningsárið 2007, fyrir önnur fjármálafyrirtæki.

Tilgangur framangreinds er m.a. að efla trúverðugleika með því að staðreyna að edlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir séu viðhafðir í starfsemi fjármálafyrirtækja. Að þessu leyti er hægt að hugsa sér margsvísleg tilfelli þar sem venslaðir aðilar geta misnotað aðstöðu sína, s.s. að knýja fram óeðileg viðskiptakjör eða íhlutast í viðskiptalegar ákvarðanir er varða þá sjálfa, tengd félög eða samkeppnisaðila.

Hafa skal í huga að upptalning í liðum 1-4 hér að ofan er einungis í dæmaskyni og er því ekki um tæmandi talningu venslaðra aðila að ræða. Með nánnum fjölskyldumeðlimum í lið 3 hér að ofan er einkum átt við maka, börn og foreldra. Tilvísun til hluthafa tekur til stofnfrjáreigenda í Sparisjóðum.

Þann 15. ágúst 2002 óskaði Fjármálaeftirlitið eftir afriti af leiðbeiningum eða reglum lánastofnana um upplýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar vegna fyrirgreiðslu til venslaðra aðila. Þá ákvað Fjármálaeftirlitið að óska hálfárslega eftir upplýsingum um fyrirgreiðslu til venslaðra aðila og útbjó eyðublað sem er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Eyðublaðinu skal skilað til Fjármálaeftirlitsins hálfárslega, eigi síðar en í lok næsta mánaðar á eftir hverju misseri. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að innheimta skýrslur frá ytri endurskoðendum um úttekt á fyrirgreiðslum til venslaðra aðila, hefur ekki áhrif á skil fjármálafyrirtækja á framangreindum eyðublöðum.

IV. Tilmæli er varða setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarfélag

Í starfsreglum stjórnar fjármálafyrirtækja þarf að koma fram að við ákvörðun um setu stjórnarmanna í stjórn dóttur- eða hlutdeildarfélag sé fjallað um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk stjórnarmannsins og nauðsyn þess að stjórnarmaðurinn taki sæti í stjórninni.

Þar sem megin starf stjórnar fjármálafyrirtækja felst í að hafa yfirumsjón og eftirlit með starfsemi og rekstri viðkomandi fyrirtækis verður almennt að telja óæskilegt að þeir takist á hendur slík stjórnarstörf en slík nauðsyn gæti t.d. skapast ef viðkomandi stjórnarmaður hefur sérþekkingu á því starfssviði sem starfsemi dóttur- eða hlutdeildarfélagsins tengist. Taki stjórnarmaður sæti í stjórn dóttur- eða hlutdeildarfélags er hann í þeirri stöðu að hafa að einhverju leyti eftirlit með sjálfum sér ásamt því að sú hættu skapist að stjórn fjármálafyrirtækisins veikist þar sem stjórnarmaðurinn vegna vanhæfisreglna getur ekki tekið ákvörðun um málefni viðkomandi dóttur- eða hlutdeildarfélags.

V. Tilmæli er varða framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna

Í 3. mgr. 55. gr. laga nr. 161/2000 kemur fram sú meginregla að viðskiptaerindi stjórnarmanna, sem og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn fjármálafyrirtækis, eða stjórnarformann félags til samþykktar eða synjunar. Í 3. mgr. 55. gr. kemur fram sú undantekningarheimild að stjórn fjármálafyrirtækis er heimilt að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála.

Hyggist fjármálafyrirtæki nýta sér undantekningarheimildina með því að leggja ekki öll viðskiptaerindi stjórnarmanna og fyrirtækja sem þeir eru í fyrirsvari fyrir fram við stjórn til samþykktar eða synjunar þarf stjórn fyrirtækisins að setja almennar reglur um afgreiðslu slíkra mála.

Heimild þessari skyldi einungis beita vegna venjulegra viðskipta sem lúta lágum fjárhæðum og fara eftir almennum lánareglum. Í reglunum þarf að koma skýrt fram hvers konar viðskiptaerindi þurfi ekki að fá hefðbundna umfjöllun. Jafnframt þarf að setja fram viðmið varðandi það hvort leggja skuli viðskiptaerindi fyrir stjórn félagsins. Við setningu slíkra viðmiða skal hafa til hliðsjónar stærð og eðli þess fjármálafyrirtækis sem um er að ræða. Lögð er áhersla á að um töluleg viðmið sé að ræða (þ.e. fjárhæðir) en ekki hlutföll af ákveðnum stærðum í rekstri viðkomandi fjármálafyrirtækis eða viðskiptamanna þess. Fjármálaeftirlitið telur jafnframt eðlilegt að um tvískipt viðmið sé að ræða, annars vegar vegna persónulegra viðskipta en hins vegar vegna viðskipta í atvinnustarfsemi/fjárfestingarstarfsemi. Leggja verður áherslu á að undanþága taki eingöngu til hefðbundinna viðskipta en ekki flókinna og umfangsmikilla viðskipta.

Stjórn fjármálafyrirtækis skal reglulega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega upplýst um öll afgreidd viðskiptaerindi og kjör slíkra aðila.

Samkvæmt athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því er varð að lögum nr. 161/2002 er tilgangur ákvæðisins að koma í veg fyrir að stjórnarmenn geti í krafti stöðu sinnar komið á viðskiptum sem ella hefðu ekki verið samþykkt.

VI. Niðurlag

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að hvert fjármálafyrirtæki endurskoði starfsreglur stjórnar með hliðsjón af þeim tilmælum sem hér eru fram sett, ákvæðum laga nr. 161/2002 og ákvæðum laga nr. 2/1995. Í samræmi við 54. gr. laga nr. 161/2002 óskar Fjármálaeftirlitið eftir því að fá sendar endurskoðaðar reglur og breytingar á þeim fyrir 1. janúar 2007.

Hér er um að ræða leiðbeinandi tilmæli sem sett voru vegna endurskoðunar á leiðbeinandi tilmælum nr.1/2003, sama efnis. Við birtingu leiðbeinandi tilmæla þessara á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins (www.fme.is) falla úr gildi leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2003.